

Mál nr. 146/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 29. apríl 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 21. maí 2025 ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. maí 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 30. maí 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 9. maí 2023, varð M þann dag fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Kemur þar fram að tilkynnt hafi verið um M hafi verið uppi á þaki og fallið tvo til þrjá metra niður af því. Engin yfirlýsing var tekin af M hvað varðaði atvik málsins, en að sögn vitnisins Y hafði hann verið að klifra milli þaka í þeim tilgangi að sækja sér fallvarnarbúnað og líflínu. Kemur þá fram í skýrslunni að ekki hafi verið nein gönguleið milli þaks íbúðarhúss og bílskúrs og hafi starfsmenn hoppað á milli þeirra til að komast leiðar sinnar. Í nánari atvikalýsingu lögreglu, sem fram kom í tölvupósti til lögmanns M, dags. 5. júlí 2023, er áréttað að ekki hafi verið gönguleið milli þaka, starfsmenn hafi verið í fallvarnarbúnaði en aðeins tengdir í línu þegar komið var á aðalþakið. Varð M fyrir nokkru líkamstjóni og óvinnufær í kjölfar slyssins.

X tilkynnti Vinnueftirlitinu um slys M 18. júlí 2023, og er atvikum svo lýst í tilkynningunni að M hafi verið að vinna á þaki. Samkvæmt frásögn annarra starfsmanna hefðu þeir nýlega hafið störf og allir hafi átt að vera komnir í öryggisbelti. M hafi ekki notað öryggisbúnað og hafi hann fallið aftur fyrir sig og niður á jörðina milli húsa. Engin rannsókn fór fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga, sem er dags. 12. júlí 2023 af hálfu M en 10. október 2023 af hálfu X, kemur hins vegar fram að M hafi verið að rífa gamlar spýtur en ein þeirra hafi reynst vera nokkuð föst. Hafi M því þurft að beita meira afli og hafi hann kippst til og fallið niður af þakinu. Hann hafi þá fallið á milli þaka þar sem engin gönguleið var. X lagði fram sérstaka athugasemd vegna tilkynningarinnar varðandi það að M hefði ekki verið í fallvarnarbúnaði sem var til staðar og honum hafi verið bent á að vera í og þá hafi gönguleið verið milli þakanna og sé X með myndir sem staðfesti það. Í tilkynningu til V, dags. 12. júlí 2023, er að finna sömu atvikalýsingu, þ.e. að M hafi verið að rífa upp spýtur er hann féll aftur fyrir sig, og á þeirri atvikalýsingu er einnig byggt í málskoti.

Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Kröfu sína byggir hann á því að fyrirkomulag á verkstað hafi verið óforsvaranlegt og ekki til samræmis við kröfur nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stöð í þeim. Fyrirliggjandi ljósmyndir staðfesti þá að engin gönguleið eða verkpallar hafi verið á milli húsanna. Því sé þá hafnað sem röngu og ósönnuðu að fullnægjandi öryggisbúnaður hafi verið til staðar. Bent er á að slysið hafi orðið kl. 13:40, svo vinna hafi staðið yfir í um hálfan vinnudag. Reyndari starfsmenn hafi ekki skeytt um að nota öryggisbúnað og hafi enginn skipað M, sem aðeins hafði starfað hjá X í um viku, að nota slíkan búnað, sem þess utan hafi raunar ekki verið til staðar. Verkstjórn hafi auk þess verið ábótavant og ekki hafi verið séð til þess að M fengi nauðsynlega þjálfun og kennslu í að framkvæma störf sín án þess að hætta stafaði af. Skýr orsakatengsl séu þá milli slyss M og skorts á fallvörnum. Auk alls framangreinds hafi X vanrækt að tilkynna um slysið til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, og geti sú vanræksla haft umtalsverð áhrif á sönnunarstöðu aðila. Sé því rétt að X beri hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi er í málinu, t.a.m. um orsakir slyssins og aðbúnað á vinnustað, enda standi það auk þess X nær að tryggja sér sönnun um þau atriði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að slys M verði fyrst og fremst rakið til þess að hann var ekki með fallvarnarbúnað í aðdraganda þess. Eins og fram komi í lýsingu lögreglu hafi aðrir starfsmenn verið í fallvarnarbúnaði og hafi M frá fyrsta degi fengið þau fyrirmæli að honum bæri að nota fallvarnarbúnað við vinnu í hæð. Þá hafi starfsmenn fengið fyrirmæli um að hoppa ekki milli þakanna, enda hafi stigi verið reistur upp á þaki bílskúrsins. Þá hafi vinnupallar verði staðsettir aftan við húsið og því eðlilegt að lögregla hafi ekki veitt þeim athygli. Hæð þaksins verði þá ekki talin mikil og því ljóst að ekki sé

gerð krafa um ítarlegri öryggisráðstafanir en X hafi gert. Sé ósannað að X hafi brotið gegn lögum og reglum hvað öryggi starfsmanna varði og megi rekja slys M til þeirrar háttsemi hans sjálfs að notast ekki við öryggisbúnað. Vanræksla á því að tilkynna réttilega um slys M til Vinnueftirlitsins geti þá ekki ein og sér leitt til þess að X teljist hafa sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til slyssins.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekuð sú afstaða að hefði betur verið gætt að öryggisbúnaði milli þakanna hefði ekki komið til slyss M. Verði þá ekki séð hverju stigi að bílskúrpakinu breyti í því samhengi enda hafi starfsmenn eftir sem áður þurft að komast milli þakanna og ekki hafi verið um aðra möguleika að ræða en að hoppa á milli þeirra. Meint fyrirmæli til M um að nota fallvarnarbúnað séu þá eftiráskýringar X sem hafi augljósa hagsmuni af úrlausn málsins og hafi staðhæfingar þess þar að lútandi því takmarkað sönnunargildi. Er þá enn áréttað að skortur á tilkynningu til Vinnueftirlitsins skuli leiða til þess að X beri hallann af sönnunarskorti í málinu enda megi ætla að málsatvik væru betur upplýst hefði rannsókn Vinnueftirlitsins farið fram.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að starfsfólki X hafi verið uppálagt að fara niður verkpallinn við bakhlið hússins og þaðan upp stigann upp á þak bílskúrsins. Slys M sé þá alveg óviðkomandi þeirri háttsemi aðila að hoppa á milli þaka.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Óumdeilt er að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um atvikið fyrr en rúnum tveimur mánuðum eftir að það átti sér stað, en samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að M var óvinnufær frá slysdegi. Með vísan til fyrrgreinds lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Verður því að mati nefndarinnar að byggja á þeirri frásögn M af atvikum, að hann hafi verið að losa spýtur af þakinu, og er sú frásögn jafnframt staðfest af hálfu X í tilkynningu til Sjúkratrygginga.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja um atvikið virðist ljóst að tjón M megi rekja til þess að hann hafi ekki notað fallvarnarbúnað umrætt sinn. Í gr. 31. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð er sérstaklega fjallað um vinnu á þökum. Þó takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir um gerð þaksins og halla þess þykir þó mega slá því föstu að gr. 31.1 eigi við um vinnu á því en þar segir m.a. að ef framkvæma skuli vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, megi ekki hefja vinnuna fyrr en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætta á, að menn eða efni falli niður. Hallinn á aðalþaki hússins virðist af ljósmyndum að dæma hafa verið nokkur og af þeim takmörkuðu gögnum sem fyrir liggja má ráða að hann hafi verið á bilinu 25 til 30 gráður. Því má ætla að nokkur fallhætta hafi verið fyrir hendi. Verður einnig að líta svo á, miðað við þær aðstæður sem virðast hafa verið á vettvangi og í ljósi þess, sbr. ummæli í lögregluskýrslu, að starfsmenn virðast hafa hoppað milli þaka, að verkpallur aftan við húsið hafi ekki dugað til að tryggja öryggi á verkstað til samræmis við áskilnað ákvæðisins.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur ekkert fram um öryggisbúnað á vettvangi, en í síðari yfirlýsingu frá lögreglunni dags. 5 júlí 2023, kemur fram að menn hafi verið í fallvarnarbúnaði, en aðeins tengdir í línu þegar komið var á aðalþakið. Virðist því sem fallvarnarbúnaður hafi verið til staðar, þó engin frekari gögn, s.s. ljósmyndir, liggi fyrir um það, þ.a.m. um gerð þess útbúnaðar eða aðgengi að honum. M byggir m.a. á því að fallvarnarbúnaður hafi ekki verið til staðar og að hann hafi ekki fengið fyrirmæli um að nota hann, og þá hafi reyndari starfsmenn ekki notað slíkan búnað. Verður að líta svo á að ef Vinnueftirlitið hefði rannsakað aðstæður þá hefði verið hægt að meta með skýrari hætti hvort aðstæður á verkstað hafi verið fullnægjandi að þessu leyti.

Þegar fallvarna er þörf verður einnig að telja að vinnuveitanda eða verkstjóra beri að tryggja notkun þeirra og ber vinnuveitandi einnig ábyrgð á þjálfun og fræðslu starfsmanna. Eins og áður segir byggir M m.a. á því að honum hafi ekki verið gefin tilmæli um notkun fallvarna við vinnu á þakinu en X heldur því fram að hann hafi sjálfur sýnt af sér gáleysi með því að fara ekki að fyrirmælum og nýta ekki þann búnað sem var til staðar. Í staðfestingu sem X sendi V vegna slyssins, dags. 25. mars 2024, kemur ítrekað fram að M hafi ekki verið ráðinn og engir samningar hafi verið gerðir við hann heldur hafi hann

verið í tveggja vikna prufu sem aðstoðarmaður smíðs. Sömu staðhæfingar eru settar fram af hálfu X í tilkynningu til Sjúkratrygginga dags. 10. október 2023. Rétt er að taka fram að slíkt fyrirkomulag girðir ekki fyrir það að starfsmenn njóti lögbundinna og kjarasamningsbundinna réttinda. Fyrir liggur að M hóf störf hjá X 1. maí 2023 og að teknu tilliti til hefðbundinna frídaga má því ætla að hann hafi starfað í um viku hjá X er slysið varð. Þá liggur fyrir að M var „aðstoðarmaður smíðs“ og liggur því ekkert fyrir um að hann hafi haft reynslu af sambærilegum störfum eða verið með viðeigandi iðnmenntun. Ekki liggja fyrir nein gögn frá X varðandi fyrirkomulag móttöku eða þjálfunar nýliða né liggja fyrir verklagsreglur eða áhættumat vegna umrædds verks. Er samkvæmt framansögðu ekki talið sýnt að M hafi sjálfur mátt gera sér grein fyrir mikilvægi fallvarna, sér í lagi að í ljósi þess sem fram kemur í lögregluskýrslu virðist sem aðrir starfsmenn á verkstað hafi ekki gætt nægilega að öryggisráðstöfunum, t.a.m. með því að hoppa milli þaka. Verður þá jafnframt að telja ósannað, gegn neitun M, að hann hafi fengið fyrirmæli um notkun öryggisbúnaðar.

Þar sem ætla má að rannsókn Vinnueftirlitsins, hefði hún farið fram, hefði varpað frekara ljósi á framangreint, er það mat nefndarinnar að rétt sé að X beri hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi er varðandi aðstæður á slysstað. Er það því samkvæmt öllu framangreindu niðurstaða nefndarinnar að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Margrét Arnheiður Jónsdóttir